

Malbikunarstöðin Höfði hf.  
Elín Ásgeirsdóttir  
Sævarhöfða 6 - 10  
112Reykjavík

Reykjavík, 23. desember 2020  
UST202003-303/gf  
08.08.02

### **Varðar reglubundið eftirlit 2020 - Malbikunarstöðin Höfði – Reykjavík**

Þann 12.11.2020 fór fram eftirlit í Malbikunarstöð Höfða hf. í Reykjavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var gerð er varðar þrýstiprófun á niðurgrafinni olíulögn við ViaNova stöð malbikunarstöðvarinnar.

Eitt nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirliti. Útblástur kolmónoxíð í Benninghoven stöð malbikunarstöðvar Höfða hf. er yfir losunarmörkum sbr. ákvæði í grein 3.8 í starfsleyfi.

Tvö eldri frávik eru enn opin. Frávikin snúa að lágum útblásturshraða beggja stöðvanna og að árlegar útblástursmælingar fyrir ViaNova stöðina hafa ekki borist.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu þremur frávikum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 22.1.2021.**

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Sigríður Magnúsdóttir